

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 21. febrúar 2012
RH/SLB/008/2012

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra og lögum um heilbrigðisþjónustu (sameining vistunarmatsnefnda) – 307. mál.

Vísað er til tölvubréfs dags. 3. febrúar 2012 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.


Tryggingastofnun fagnar því að með frumvarpi þessu sé stefnt að því að vistunarmatsnefndir fyrir hjúkrunarymi og dvalarymi séu sameinaðar og að ákvæði um vistunarmat vegna hjúkrunaryma verði sameinað ákvæði um vistunarmat vegna dvalaryma með því að það er flutt úr 16. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, í 15. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Á það skal þó bent að skv. 1. gr. frumvarpsins er byggt á því í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra að umsókn einstaklings um vistunarmat liggja fyrir. Skv. því er gert ráð fyrir að vilji einstaklingsins að sækja um vistunarmat sé alltaf til staðar. Í núgildandi 3. mgr. 15. gr. er á hinn bóginn ákvæði um að mat skuli gert ef dvöl á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar er lengri en sex vikur. Stofnunin telur eðlilegt að hafa áfram slíkt úrræði til vistunarmats fyrir einstakling sem dvelur á sjúkrahúsi í lengri tíma án þess hafa vilja til að sækja um vistunarmat.

Einnig skal athygli vakin á því, að hvíldarinnlagnir hafa reynst vel sem úrræði sem hjálpar til við að aldraðir einstaklingar geti búið lengur í heimahúsi. Annars vegar er í 2. tl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra gert ráð fyrir þeim möguleika að einstaklingur geti komið til skammtíma vistunar á hjúkrunarymi sé þess þörf og hins vegar er í núgildandi og ofangreindu ákvæði 3. mgr. 15. gr. laganna kveðið á um að hafi aldraður einstaklingur verið lengur en sex vikur á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar skuli meta þörf einstaklingsins fyrir vistun á öldrunarstofnun eða fyrir önnur úrræði. Með hliðsjón af ákvæðum þessum hefur tíðkast að hvíldarinnlagnir séu á bilinu 6-8 vikur.

Í tengslum við þær breytingar sem frumvarp þetta mælir fyrir varðandi vistunarmatsnefndir og framkvæmd á vistunarmati telur stofnunin ástæðu til að benda á nauðsyn þess að kveðið sé með skýrum hætti á um hvíldarinnlagnir og framkvæmd þeirra. Þá gæti verið ástæða til að vistunarmatsnefndir komi að ákvörðun um heimild fyrir einstökum hvíldarinnlögnum.

Virðingarfyllt


Sigríður Lillý Baldursdóttir forstjóri

Tryggingastofnun ríkisins
Laugavegi 114
150 Reykjavík
Sími: 560 4400
Bréfsími: 560 4451
tr.is